

Vistfræðifélag Íslands – fréttabréf

13. mars 2012

Kæru félagar,

Ýmislegt er á döfinni hjá félaginu og ber fyrst að nefna aðalfund:

Aðalfundur

Aðalfundur Vistfræðifélagsins verður haldinn fimmtudaginn 22. mars kl. 20:00 í Öskju, stofu N-130.

Dagskrá samkvæmt lögum er eftirfarandi

1. Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins.
2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
6. Ákvörðun árgjalds.
7. Önnur mál.

Varðandi lið 4 þá á að kjósa formann, tvo stjórnarmenn og einn varamann.

Við hvetjum alla félagsmenn til að mæta á fundinn. Í lið 1, eftir skýrslu stjórnar, gefst gott tækifæri til að ræða starf félagsins og koma á framfæri hugmyndum.

Starfið framundan

Fræðsluferðir

Margir hafa óskað eftir því að félagið beiti sér fyrir styttri fræðsluferðum fyrir féлага um nágrenni Reykjavíkur þar sem flestir búa. Auk þess að miðla fróðleik eru svona ferðir kjörinn vetvangur fyrir óformlegar viðræður um vistfræðileg málefni. Í fyrra var farið í eina kvöldferð á Þingvelli þann 30. maí. Þó þátttaka hafi verið dræm þótti ferðin að öðru leyti takast mjög vel og sýndi að þetta form á rétt á sér. Félagsmenn eru eindregið hvattir til að koma með hugmyndir. Dagskrá verður síðan birt í næsta fréttabréfi.

Ráðstefna haustsins

Stjórnin hefur ákveðið að haustráðstefna félagsins 2012 verði helguð minningu Páls Hersteinssonar. Í samvinnu við Spendýrafélagið mun félagið standa að veglegri ráðstefnu þann 16. október. Skráið daginn hjá ykkur. Nánari upplýsingar koma í næsta fréttabréfi.

Fréttir

Þann 1. febrúar 2012 fékk Vistfræðifélagið formlega aðild að Norræna vistfræðisambandinu (Nordiska Föreningen Oikos) ásamt vistfræðifélögum Svíðþjóðar (Svenska föreningen Oikos, www.svenskaoikos.se), Noregs (Norske forening Oikos) og Danmerkur (Danske foreningen Oikos). Norræna vistfræðisambandið á tímaritin Oikos, Ecography, Journal of Avian Biology og Nordic Journal of Botany. Auk þess á það

Ecological Bulletins. Norræna vistfræðisambandið hefur falið Ritstjórnarskrifstofu Oikos (Nordiska Publiserings Stiftelsen Oikos) aðgefa út þessi tímarit og tímaritin Lindbergia og Hereditas, en aðalfundur Norræna vistfræðisambandsins skipar stjórn ritstjórnarskrifstofunnar. Gísli Már Gíslason er nú formaður þeirrar stjórnar – sjá nánar hér <http://www.oikos.ekol.lu.se/> . Um það hefur verið rætt að félögin haldi sameiginlega norræna ráðstefnu á nokkurra ára fresti og verður sú fyrsta í Stokkhólmi 2014. Norræna vistfræðisambandið Oikos er aðili að ársfundi British Ecological Society (BES) og fá félagar afslátt á fundargjöldum þar, sem og á ráðstefnur sambandsins í framtíðinni. Félagar í Oikos njóta sömu réttinda og félagar í BES þegar kemur að einstaklingsáskrift að tímaritum Wiley-Blackwell.

Vefsíða félagsins

Við minnum á vefsíðu félagsins: www.vistis.is. Stjórnin stefnir að því að virkja síðuna betur, m.a. með því að setja þar inn tilkynningar um fundi og aðra viðburði um vistfræðileg efni. Við hvetjum félagsmenn til að senda okkur tilkynningar með því að senda póst á vistfraedifelag@gmail.com.

Stjórn Vistfræðifélags Íslands